



225. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 2. október 2014 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Örn Andrés�on, Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Friðrik Einarsson, Hafsteinn Pálsson og Ingi Þór Ágústsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum þar til kl. 17:15 en þá vék hann af fundi og varaforseti tók við fundarstjórninni.

Dagskrá:

1. Breytingar á Lögum ÍSÍ um lyfjamál

Skúli Skúlason, formaður Lyfjaráðs ÍSÍ kom inn á fundinn og kynnti fyrir framkvæmdastjórn tillögur að breytingum á Lögum ÍSÍ um lyfjamál. Framkvæmdastjórn ÍSÍ þarf að samþykkja breytingarnar þar sem ÍSÍ er skuldbundið til að taka þær upp um næstkomandi áramót samkvæmt skipun WADA – Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar en Íþróttaping ÍSÍ er ekki fyrr en í apríl 2015. Breytingarnar verða einnig lagðar fyrir Íþróttaping ÍSÍ til staðfestingar.

ÍSÍ ber skylda til að samþykkja breytingarnar sem WADA leggur upp með. Einungis nokkur atriði eru valkvæð og verða þau atriði lögð fram á Íþróttapingi ÍSÍ ásamt breytingunum í heild, til staðfestingar.

Tillögurnar samþykktar. Lyfjaráð mun kynna fyrir hreyfingunni þær breytingar sem gerðar verða, fyrir áramót, áður en breytingarnar taka gildi um allan heim.

Skúli vék af fundi.

2. Heimsóknir í íþróttahéruð

Forseti skýrði frá heimsókn sinni til 10 íþróttahéraða dagana 11.-14. september sl. Í för með forseta voru framkvæmdastjóri og skrifstofustjórnarnir báðir. Gunnar Bragason gjaldkeri kom til móts við hópinn á Egilsstöðum og var með í heimsóknnum um Norðurland. Hópurinn fór ferðina á ÍSÍ rútunni.

Hópurinn skoðaði fjölda íþróttamannvirkja í viðkomandi héruðum og fundaði með forsvarsmönnum íþróttahéraða og oft einnig fulltrúum aðildarfélaganna og sveitarfélaganna. Móttökurnar voru allsstaðar góðar og umræður gagnlegar.

Stefnt er að því að fara í fleiri heimsóknir á næstu vikum og mánuðum þar til búið er að heimsækja öll íþróttahéruð ÍSÍ.

Lögð fram skýrsla um ferðina í máli og myndum sem Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri vann.

3. Ólympísk málefni

Líney skýrði frá fyrirhugaðri ráðstefnu ÍSÍ um afreksíþróttir sem haldin verður í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 13. október nk. kl. 9:00-13:00. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni er Jeroen Bijl frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Hollands.

Einnig er á næstu vikum fyrirhugaður fundur með formönnum sérsambanda vegna Evrópuleika og fleiri verkefni ólympískra verkefna.

EYOWF í Vorarlberg/Liechtenstein

Örvar Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ verður aðalfararstjóri á hátðinni. Búið er að kalla eftir tilnefningum frá SKÍ en gert er ráð fyrir því að keppendur verði í alpagreinum, göngu og listdansi á skautum.

Río 2016

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ sækja NOC Open Day og koma við í leiðinni í höfuðstöðvum NIKE í Portland til að ræða mögulegt samstarf við fyrirtækið vegna ÓL í Río.

4. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og formaður Skipulagsnefndar GSSE 2015 fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir leikana. Hún skýrði frá fyrirhugaðri opnun sjálfboðaliðavefs á morgun á blaðamannafundi í Laugardalshöll kl. 11. Bauð hún stjórnarfolk velkomið í störf á Smáþjóðaleikunum ef áhugi væri fyrir hendi.

Gunnar skýrði fjárhagsáætlun leikanna, fór yfir helstu tekju- og gjaldaliði, viðræður við styrktaraðila o.fl.

Forseti bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar. Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða með eftirfarandi bókun:

„Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir fjárhagsáætlun Skipulagsnefndar Smáþjóðaleika 2015 dags. 3. október og lögð er fram til kynningar og samþykktar framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Skipulagsnefnd er heimilt að vinna að fjármögnun Smáþjóðaleika 2015 og stofna til útgjalda vegna þeirra innan þess ramma sem fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir. Einhver tilfærsla getur orðið á milli einstakra liða, þeir geta bæði hækkað og lækkað. Skipulagsnefndin mun reglulega upplýsa framkvæmdastjórn ÍSÍ um þróun varðandi fjármögnun leikanna og kostnað vegna þeirra. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ skulu undirrita alla meiriháttar samninga sem tengjast Smáþjóðaleikunum 2015.“

5. Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna verður haldið 3. janúar 2015 í Gullhömrum Grafarholti. RÚV mun sjá um útsendingu frá hófinu líkt og undanfarin ár.

6. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og formaður Vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga lagði fram tillögu um breytingu á úthlutunarreglum sjóðsins. Breytingin hefur í för með sér aukinn styrk til landbyggðarinnar, á kostnað félaga í höfuðborginni og nágrennasveitarfélaga. Tillagan samþykkt.

Vinnuhópurinn mun í framhaldi leggja tillögurnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti en allar forsendur og úthlutunarreglur sjóðsins eru bornar undir ráðuneytið til staðfestingar.

7. Íþróttaslysasjóður

Skrifstofustjóri skýrði frá því að nokkuð hefði dregist saman í umsóknum um endurgreiðslu úr Íþróttaslysasjóði. Hefur Hallgrímur Þorsteinsson endurskoðandi ÍSÍ mælt til þess að endurgreiðsluhlutfallið verði hækkað svo ekki komi til uppsöfnunar á fé í sjóðnum. Samþykkt að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 40 % upp í 50% frá og með 1. nóvember nk. Allir reikningar sem falla undir skilgreiningar sjóðsins um þann kostnað sem ÍSÍ endurgreiðir og eru útgefnir í íslenska heilbrigðiskerfinu fyrir 1. nóvember 2014 endurgreiðast á 40% hlutfalli en allir sem gefnir eru út frá og með 1. nóvember 2014 greiðast á 50% hlutfalli.

8. Samráðsnefnd íþróttahéraða

Garðar skýrði frá starfi nefndarinnar, sem sett var á laggirnar af íþróttahéruðunum sjálfum.

Nefndin fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðherra sem fór í beinan ferðakostnað. Nefndin hefur fundað víða um land en fyrirhugaðir eru til viðbótar fundir á Vesturlandi og Vestfjörðum. Nefndin hefur áhuga á að búa til tengslanet starfsmanna í hreyfingunni. Væntanlega verður uppkast að fullnaðarskýrslu nefndarinnar tilbúið fyrir Formannafund ÍSÍ.

9. Heiðranir

Engar tilnefningar um heiðranir lágu fyrir fundinum.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 224. fundur framkvæmdastjórnar
- 20. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Heilbrigðisráðs ÍSÍ frá 12. mars 2014
- Heiðursráðs ÍSÍ frá 11. apríl 2014

11. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru á næstunni og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn 13. nóvember nk. kl. 16:00.

13. Önnur mál

Fundur með RÚV

Forseti og framkvæmdastjóri eiga fund með forsvarsmönnum RÚV 3. nóvember nk. þar sem farið verður m.a. yfir aðkomu þeirra að útsendingum frá Íþróttamanni ársins og Smáþjóðaleikunum á næsta ári.

Úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ

Lögð fram tillaga sjóðsstjórnar Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ um úthlutun úr sjóðnum. Umsóknir að þessu sinni voru 37 talsins. Tillaga sjóðsstjórnar samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi hljóta styrki úr sjóðnum:

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir taekwondokona, kr. 500.000,-.

Thelma Björg Björnsdóttir sundkona, kr. 500.000,-.

Hrafnhildur Lúthersdóttir sundkona, 500.000,-.

Körfuknattleikssamband Íslands, kr. 1.000.000,- vegna A-landsliðs kvenna.

Felix

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála og fundi sem hún og forseti áttu með fulltrúum UMFÍ varðandi næstu skref.

Special Olympics

Varaforseti skýrði frá ferð sinni á Special Olympics með fulltrúum Íþróttasambands fatlaðra (ÍF). Sagði hún ÍF vel kynnt alþjóðlega og allt hefði verið til mikillar fyrirmyndar í undirbúningi og þátttöku íslenskra þátttakenda á leikunum.

Nordic Sports Meeting

Varaforseti og framkvæmdastjóri skýrðu stuttlega frá Nordic Sports Meeting 2014 sem fram fór í Bergen 19. -21. september sl. Fundurinn tókst vel en hann sóttu forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari